



NÝMI1XM02

Kennsluáætlun – Vorönn 2021

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennari áfangans:

Ágústa Ragnarsdóttir (ARA), agustaragnars@fsu.is

Áfangalýsing:

Kennt verður á tvo myndvinnsluforrit, annars vegar Adobe Photoshop og hins vegar Snapseed. Markmiðið er að nemendur læri á helstu tól og tæki forritanna sem og helstu aðgerðir og geti í kjölfarið unnið með ljósmyndir, eigin eða annarra, á ýmsan máta. Photoshop er þungt og mikið í forrit í tölvum. Snapseed er smáforrit í snjalltækjum.

Farið verður í allar helstu aðgerðir forritanna og þar að auki:

- Upplausn
- Pixla versus vector
- Skipulag í tölvu og vistun
- Muninn a prentvinnslu og skjávinnslu
- Grunn í ljósmyndun hvað varðar myndbyggingu og myndefni

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- stafrænni uppbyggingu mynda
- Litameðferð og stillingum
- Höfundarétti
- Að fara rétt með kunnáttu sína (t.d. Hvað varðar að falsa myndir)
- Mikilvægi skipulegra vinnubragða í stafrænu umhverfi

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- grunnnotkun Photoshop
- Grunnnotkun á Snapseed
- myndvinnslu s.s. setja saman myndir og lagfæra og litastilla myndir
- að vinna efni annars vegar til prentunar og hins vegar til skjánotkunar
- Vistun og skipulagi.
- Nálgun við að ljósmynda og vinna eigið efni

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skila inn og taka á móti myndum í stafrænu formi
- myndvinna í Photoshop
- Myndvinna í Snapseed
- Stilla stærðir mynda
- Vista og halda utan um stafrænt skipulag
- Vinna með eigið efni bæði á snjalltæki og í tölvu

Kennslubækur og kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlögn, glærur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.
- Mikilvægt að vera alltaf með heyrnartól með sér.
- Tölvur með Photoshop eru í skólanum en skólinn skaffar ekki það forrit í einkatölvur.
- Snapseed er frítt smáforrit sem er hlaðið í snjalltæki.

Efnisgjald

Efnisgjald í áfanganum er 2000 kr og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.